

Sylvía Karen Heimisdóttir

From: Jafnrétti - JAFNT <jafnretti@jafnretti.is>
Sent: þriðjudagur, 6. janúar 2026 15:50
Subject: Nýr gátlisti til að efla fjölbreytni í sveitarstjórnunum

Follow Up Flag: Follow up
Flag Status: Flagged

Kæru sveitarstjórar,

Íslenskt samfélag einkennist af fjölbreytileika, en sú fjölbreytni endurspeglast enn ekki nægilega í samsetningu sveitarstjórna né í ákvarðanatöku þeirra. Til að bregðast við þessu hefur verið gefinn út nýr gátlisti sem miðar að því að styðja sveitarstjórnir í að efla fjölbreytni og inngildingu í stjórnsýslunni.

Gátlistinn byggir á fimm lykilþáttum:

- Fjölbreyttari framboðslistum
- Jafnvægi í samsetningu sveitarstjórna
- Öflugu samráði
- Auknu öryggi
- Reglubundinni fræðslu

Markmiðið er að skapa raunverulega spegilmynd samfélagsins innan sveitarstjórna og tryggja að ólík sjónarmið fái að njóta sín í ákvarðanatöku. Með því að vinna markvisst að fjölbreytileika og inngildingu geta sveitarfélög aukið lýðræðislega þátttöku og stuðlað að nýjum og hagkvæmum lausnum. Gátlistinn er sveigjanlegur og nýtist á öllum stigum sveitarstjórnarstarfsins – allt frá framboðsferlinu til daglegra ákvarðana. Hann tekur einnig mið af mismunandi aðstæðum sveitarfélaga, hvort sem um er að ræða stór eða smá, þéttbýli eða dreifbýli.

Þessi útgáfa er liður í því að tryggja að enginn sé útilokaður frá ákvarðanatökuferlinu og að öll finni sig sem virka þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Gátlistann má nálgast hér:

https://www.jafnretti.is/static/files/Utgefid_efni/jafnrettisstofa_gatlisti_vefskjal.pdf

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur efnið og nýta gátlistann í ykkar starfi. Ef einhverjar spurningar vakna þá endilega hafið samband.

Með bestu kveðju frá starfsfólki Jafnréttisstofu



Jafnréttisstofa
Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
www.jafnretti.is
s. 460-6200